Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
105 Reykjavík

Hagsmunasamtök Heimilanna

21. september 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-178/2020 í samráðsgátt stjórnvalda

Hagsmunagæsla Íslands gagnvart ESB - Forgangsmál 2020-2021

Hagsmunasamtök heimilanna beita sér einkum fyrir neytendavernd á fjármálamarkaði. Stór hluti hins sérstaka regluverks sem gildir á því sviði byggist á ESB/EES reglum. Afstaða samtakanna til forgangsmála í hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB tekur því mið af þessum áherslum.

FJR19120070 Áhrif uppfærslu Basel lll-staðla á verðtryggð fasteignaveðlán (bls. 30-31)

Meðal breytinga sem voru gerðar á svokölluðum Basel stöðlum í desember 2017 og unnið er að því að taka upp í evrópskt regluverk, er að við ákvörðun eiginfjárkrafna banka, skuli miða veðhlutfall fasteignalána við verðmæti fasteignar á lántökudegi og ekki taka mið af síðari hækkunum á því. Breyting þessi er talin geta haft óvenjulega víðtæk áhrif á Íslandi vegna mikils umfangs verðtryggðra fasteignaveðlána hér, sem eru sjaldgæf í flestum Evrópuríkjum, þar sem höfuðstóll verðtryggðra lána hækkar almennt á fyrri hluta lánstímans. Þess vegna myndu eiginfjárkröfur vegna slíkra lána hækka, sem fyrirsjáanlega myndi letja banka frá því að veita verðtryggð fasteignalán.

Þessi áhrif breytingarinnar samræmast fullkomlega þeirri stefnu sem kemur fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, að taka eigi markviss skref á kjörtímabilinu til afnáms verðtryggingar á lánum. Það skýtur því verulega skökku við að í þeim gögnum sem eru til umsagnar komi fram sú afstaða að það geti haft “óheppilegar hliðarverkanir á íslenskum fasteignalánamarkaði” að letja banka frá því að veita verðtryggð fasteignalán. Auk þess er sú ályktun röng þar sem slík áhrif gætu þvert á móti verið meðal heppilegra leiða til að draga úr vægi verðtryggingar á íslenskum lánamarkaði.

Enn verra er að það skuli beinlínis sagt vera markmið með hagsmunagæslu Íslands að vinna gegn því að hin umrædda regla verði tekin upp hér á landi. Auk þess er það beinlínis rangt því það er alls ekki markmið íslenskra neytenda að standa vörð um hina séríslensku og stórskaðlegu verðtryggingu. Þeir voru aldrei spurðir álits á þessu, en fjármála- og efnahagsráðherra hefur hvorki leyfi til að halda því fram að markmið Íslands séu önnur en þau eru, né að fara gegn stjórnarsáttmálanum.

Basel staðallinn er afdráttarlaus um að ekki skuli miða við hækkun á verðmæti fasteigna við ákvörðun eiginfjárkröfu. Þvert á móti er einungis heimilt að endurskoða verðmat þeirra til lækkunar ef svo ber undir. Fremur en að reyna að sækjast eftir undanþágu frá þessu ættu stjórnvöld að horfast í augu við að hin séríslenska verðtrygging samræmist sífellt verr alþjóðlegu regluverki. Annað dæmi um slíkt er hvernig greiðslumat vegna verðtryggðra lána hunsar hina sífellt hækkandi greiðslubyrði þeirra í takt við verðbólgu, sem samræmist ekki leiðbeiningum evrópska bankaeftirlitsins. Það ætti frekar að vera stefna stjórnvalda að bæta úr slíku, en að reyna að standa vörð um úrelt fyrirbæri.

Hagsmunasamtök heimilanna skora hér með á íslensk stjórnvöld að láta af allri "hagsmunagæslu" fyrir hina sériślensku verðtryggingu í máli þessu. Enn fremur skora Hagsmunasamtök heimilanna á ríkisstjórnina að efna ákvæði stjórnarsáttmála síns um að stefna að afnámi verðtryggingar. Með því að leyfa henni að verða að síður ákjósanlegri þætti í lánaframboði banka eins og má ályktа af þeim breytingum sem hafa orðið á Basel stöðlunum, væri án efa hægt að draga úr vægi hennar á íslenskum lánamarkaði. Enn fremur er nauðsynlegt að stöðva þá fölsun greiðslumats sem lætur verðtryggð lán líta út fyrir að vera "betri" valkost en þau raunverulega eru.[1] Með því væri einnig hægt að draga úr vægi verðtryggingar þangað til hún verður endanlega bönnuð. Hagsmunagæsla Íslands í þeim efnum ætti ekki að stefna að því að sniðganga slíkar reglur heldur framfylgja þeim!

FJR19010111 Innstæðutryggingar (bls. 32-33)

Hagsmunasamtök heimilanna fagna því að í þessu máli skuli markmið með hagsmunagæslu Íslands byggjast á því sjónarmiði að ekki verði í gegnum EES samninginn tekin upp ríkisábyrgð á innstæðum. Íslendingar hafa í tvígang hafnað slíkri ríkisábyrgð í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslum. Samtökin hafa alltaf haft þá skýru afstöðu að slíka ríkisábyrgð megi aldrei í lög leiða.

2018/0089(COD) Aðgerðir fyrir hönd og til verndar heildarhagsmunum neytenda (bls. ???)

Hagsmunasamtök heimilanna sakna áherslna á neytendavernd á fjármálamarkaði í hagsmunagæslu Íslands gagnvart Evrópusambandinu. Samtökin vilja því vekja athygli á ofangreindu máli sem hefur verið til meðferðar á vettvangi Evrópusambandsins um allnokkurt skeið.[2] Það snýst um uppfærslu á regluverki um aðgerðir til að vernda heildarhagsmuni neytenda með nýrri tilskipun, er leysi af hólmi tilskipun 2009/22/EB, sem var innleidd í lög um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda nr. 141/2001. Nái fyrirliggjandi drög að umræddri tilskipun fram að ganga er því ljóst að hana muni þurfa að innleiða í EES samninginn og þar með íslenskan rétt.

Hagsmunasamtök heimilanna telja að nái mál þetta fram að ganga geti það haft í för með sér mjög jákvæðar réttarumbætur á sviði neytendaverndar. Er því eindregið mælst til þess að þegar kemur að gildistöku hinnar fyrirhuguðu tilskipunar verði lögð áhersla á það á vettvangi EES samstarfsins að taka hana sem fyrst upp í EES samninginn, að undangenginni viðeigandi málsmeðferð.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

[1] https://eba.europa.eu/regulation-and-policy/consumer-protection-and-financial-innovation/guidelines-on-creditworthiness-assessment

[2] https://oeil.secure.europarl.europa.eu/oeil/popups/ficheprocedure.do?reference=2018/0089(COD)